



197. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. nóv. 2021, í Stykkishólmi og á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason mætt í Stykkishólmi. Arnheiður Jónsdóttir og Guðríður Þorvarðardóttir mættar á Teams.

Fundarritari: Anna Hallgrímsdóttir (AH)

Formaður setti fund kl. 10.35

Fundargerð 196. Fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Umsögn um deiliskipulag: Brjánslækur, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir

Tillaga rædd.

Afgreiðsla:

Ábendingum verður komið til Vesturbyggðar og skipulagsaðila.

Landvarsla við Breiðafjörð

Farið var yfir upplýsingar frá Umhverfisstofnun um sundurliðun á kostnaði við landvörsluna við Breiðafjörð árið 2021.

Rætt var um framtíð landvörslu við Breiðafjörð og aðrar mögulegar útfærslur á verndun og fræðslu og mögulega samstarfsaðila. Það rætt hvernig greina megi álag í framtíðinni þannig að það sé hægt að undirbúa komu ferðamanna.

Landverðir hafa unnið undirbúningsvinnu en það er þörf á uppbyggingu til að stýra ferðamönnum og því álagi sem þeim fylgir auk þess að veita fræðslu um svæðið, t.d. í formi skilta og fleiri bæklinga. Huga þarf að samstarfi við vegagerð og ferðaþjónustubændur.

Spurning hvort það sé hægt að sækja um til einhverra ára svo það megi vinna markvisst út frá lengri tíma plönun.

Afgreiðsla:

Sækja um með öðrum áherslum. Ritari gerir drög að umsókn sem verður farið yfir á næsta fundi.

Greina þarf hvar aðsókn er nú þegar mikil og hvar verði í framtíðinni aukin aðsókn að náttúrusvæðum og menningarsvæðum t.d. með bættum vegum. Ritari tekur saman lista yfir aðila á svæðinu til að vera í samvinnu við, safnar saman upplýsingum um ágang og áningarstaði úr skýrslum um landvörslu við Breiðafjörð til að greina hvar helstu þarfir fyrir uppbyggingu eru.



Uppfærsla á Verndaráætlun Breiðafjarðar

Nefndin ræddi það hvernig endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar skuli háttað.

Afgreiðsla:

Óska eftir kostnaðaráætlun frá Náttúrustofu Vestfjarðar og Náttúrustofu Vesturlands í endurskoðun á verndaráætlun.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021

Farið yfir fjármálin.

Afgreiðsla:

Vísað til næsta fundar. Ritari athugar hvað Náttúrustofnun Íslands var greitt fyrir að gera verndaráætlun á sínum tíma og sendir upplýsingar á nefndarmenn.

Önnur mál

Starf við framtíð Breiðafjarðar sem staðsett verður hjá NSV í Stykkishólmi hefur verið auglýst til umsóknar.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 14. des á Teams, kl. 10:30,

Fundi slitið kl. 12.00.